

MATARHLÉ

Helen Ármannsdóttir, aðstoðarleikskólalastjóri á Pálmholti, er mjög hrifin af gerbakstri og segist alltaf eiga pönnubrauð í frysti-kistunni, enda séu þau vinsælt nesti í skólann hjá dætrum hennar. Lúsiubrauðin eru hins vegar öllu jólalegri og eru arfur frá þeim tíma er Helen var að alast upp en hún er sænsk í aðra ættina.



Helen skorar á Elvu Haraldsdóttir, sérkennsluráðgjafa á fjölskyldudeild, að birta uppskrift í næsta blaði.

Pönnubrauð

Hráefni: Aðferð:

¼ bréf þurrger eða 12 gr pressuger
50 gr smjörliki
5 dl mjólk
½ tsk salt
½ dl sykur
2 msk síróp
½ tsk hjartarsalt
1 ½ dl heilheiti
2 dl sigtimjöl
U.p.b. 7 dl hveiti
1 tsk anís (má sleppa)
1 tsk fennil (má sleppa)

Bræðið smjörliki, hellið mjólk og sírópi út í og hitið að ca. 37°. Blandið restinni saman við og hnoðið. Skiptið deiginu í 14 jafna hluta og hnoðið úr þeim kúlur. Kúlurnar eru svo látnar lyfta sér í 30 mín. Fletjið út í þunnar kókur og bakið eins og pönnukókur á þurri pönnu.

Lúsiubrauð

Hráefni: Aðferð:

50 gr ger
150–175 gr smjörliki eða smjör
5 dl mjólk
½ tsk salt
1 ½ - 2 dl sykur
1 gr saffran (2 bréf)
1 egg
ca 15 dl hveiti
1 – 1 ½ dl rúsinur

Bræðið smjörlikið, hellið mjólkinni saman við og hitið að 37°. Bætið salti, sykri, saffran (gott að merja ásamt syurmola í morteli) og egginu úti. Hnoðið loks hveiti ásamt þurrgerinu saman við. Látið lyfta sér 45 - 60 mín. Hnoðið rúsinurnar upp í deigið og mótið ca 30 lúsiubrauð. Rúllið pylsur og snúðið upp á endana í sitt hvora áttina. Setjið rúsinu í augun. Penslið með eggji og bakið við 250° í 8 – 10 mín.

GOTT AÐ VITA

Í lok nóvember losnuðu kjarasamningar Launaneftdar sveitarfélaga við alla viðsemyndur, að undarskildum grunnskólakennurum, en kjarasamningur þeirra gildir út maí 2009.

Lokið hefur verið samningum við flest stéttarfélög og nýir samningar öðlast gildi þegar þeir hafa verið samþykktir af Launaneftnd sveitarfélaga og félagsmönnum viðkomandi stéttarfélaga.

Helstu atriði í nýjum kjarasamningum eru eftirfarandi:

Gildistími: Allir gildandi kjarasamningar eru framlengdir frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009.

Launatöflur: Frá 1. desember hækka allar krónutölur í öllum launatöflum um kr. 20.300.

Sérstök orlofsuppbót: Orlofsuppbót 1. maí 2009 verður kr. 25.200.

Fritökuréttur vegna veikinda barna yngri en 13 ára: Rétturinn lengist í 12 daga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári.

Endurhæfingarsjóður: Endurhæfingarsjóður á að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Frá og með 1. desember 2008 munu sveitarfélög, sem aðild eiga að Launaneftnd sveitarfélaga, greiða 0,13% af heildarlaunum inn á sérstakan biðreikning endurhæfingar í vörslu sveitarfélaganna. Þau munu hefja greiðslu í Endurhæfingarsjóð þegar formleg aðild þeirra hefur verið staðfest.

Ert þú búin(n) að kíkja á starfsmannavefinn
<http://eg.akureyri.is>



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir,

Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprént

Innanbæjar KRÓNÍKA

Gledilegt ár

1. tbl. 4. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR Janúar 2009



STÖRFIN VARIN Á NÝJU ÁRI

Um leið og ég þakka ykkur öllum fyrir vel unnin störf á liðnu ári, vil ég nota tækifærið og skýra stuttlega frá stöðunni í rekstri bæjarins og því sem fram undan er á næstu mánuðum. Árið var að mörgu leyti gott fyrir Akureyrarbæ og hér hafa orðið framfarir á mörgum sviðum. Á þessum óvissu- og erfiðleikatímum sem fara í hönd mun reyna á störf okkar, getu og hugrekki til að takast á við þau verkefni sem hver dagur færir okkur. Nú hefur fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 verið lögð fram af oddvitum allra flokka í bæjarstjórn og þar er háð kröftug vamarbarátta í þeirri óáran sem herjar á íslenskt samfélag.

Komandi ár verður erfitt fjárhagslega fyrir rekstur bæjarins og mun það að einhverju leyti bitna á yfirvinnu og starfstengdum kostnaði. Hins vegar er það ætlun okkar að verja grunnstöðir í þjónustu bæjarfélagsins, halda vel utan um starfsemi grunn- og leikskóla bæjarins, sem og félagsþjónustuna, og einnig að verja störf og mannaflsfrekar framkvæmdir eftir því sem kostur er. Í ljósi stöðunnar er betra að búa við tímabundinn hallarekstur en að skera niður í mannafla og framkvæmdum. Það er gert í þeirri von að staðan verði betri á árinu 2010.

Launaneftnd sveitarfélaga hefur nú lokið kjarasamningum við nær alla hópa starfsmanna og leiða þeir til töluverðrar hækkingar launagreiðslna eða að meðaltali um 20.300 kr. pr. mánuð miðað við fullt starf. Laun bæjarstjóra, bæjarfulltrúa og nefndarfélks verða hins vegar lækkuð um 10%. Hjá öllu starfsfólki verður dregið úr yfirvinnu þar sem það er mögulegt. Í fjárhagsáætluninni fyrir 2009 er ekki gert ráð fyrir neinum uppsögnum meðal starfsmanna bæjarins en störf sem losna verða skoðuð sérstaklega og fresta öllum nýráðningum.

Höfum hugfast að erfiðleikar eru til að sigrast á þeim og saman getum við það. Ég óska ykkur öllum gleðilegs nýs árs.

Sigrún Björk Jakobsdóttir,
bæjarstjóri

GAMLA MYNDIN



Viðbrögð við síðustu myndagetraun slógu öll met. Hátt í 40 svör bárust og flestöll rétt. Allir virtust kannast við húsið og létu jafnvel skemmtilegar sögur fylgja með sem við birtum glefsur úr á næstu síðu.

Nafn Hallfríðar Einarsdóttur í Lundarskóla var dregið úr réttum lausnum og fær hún geisladiskinn Íslandsminni að launum en hann hefur að geyma lög Atla Heimis Sveinssonar við ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Hallfríður lét skemmtilega vísu fylgja með lausn sinni og hljóðar hún svo:

Rósenborg hét húsið það,
trónaði hátt á góðum stað.
Á Eyrarlandsvegi efst það stóð,
útsýnin virtist þaðan góð.

Nú spyrjum við um myndina hér að ofan og það eina sem við þurfum að fá að vita er í hvaða garði hún er tekin. Allur umfram fróðleikur er að sjálfsgöðu vel þeginn, sem og vísukorn til gamans. Öðru sinni veitum við geisladiskinn Íslandsminni í verðlaun og biðjum fólk að senda svör sín sem fyrst á akureyri@akureyri.is.




MOLAR

Plast að þínum þörfum

Hjá Plastiðjuni Bjargi-Íðjulundi (PBI) er hægt að gera nánast hvað sem er úr plasti og eru mörg spennandi vöruþróunarverkefni í gangi þar. Viðskiptavinir geta látið saga niður plast og beygja það eftir séróskum, s.s. standa undir fartölvur, bókastanda, bollastanda, matarföt fyrir veislur, auglýsingaskilti og margt fleira. Meðal þeirra sem hafa uppgötvað þessa möguleika eru ýmsir listamenn og hafa orðið til mörg skemmtileg verkefni á því sviði þar sem plast er notað í listavek.

Margt annað er framleitt hjá PBI. Um jól og áramót leita mörg fyrirtæki þangað til að láta útbúa gjafapakkingar fyrir starfsfólk og viðskiptavini þar sem kertin frá PBI eru í aðalhlutverki. Að auki eru afurðir PBI rúmfatnaður, kerti, sérsníðaverkefni og skiltagerð. Hjá PBI starfa um 70 manns.



Meira um Rósenborg

Eins og fram kemur hér til hlíðar þá voru innsendar lausnir við myndagetrauninni óvenju margar síðast og í bréfum lesenda kom ýmislegt skemmtilegt fram. Trausti Tryggvason hjá Fasteignum Akureyrarbæjar sagði okkur meðal annars frá því að hann hafi átt heima á neðstu hæð Rósenborgar árið 1967, Erla Hrund Friðfinnsdóttir í leikskólanum Lundarseli sagðist vera fædd í þessu húsi 1. maí 1956 og Sigríður María Magnúsdóttir í Lundarskóla sendi okkur skemmtilegt bréf sem við birtum óstytt:

„Húsið hét eftir tveimur systur, þeim Rósu og Elinborgu. Pabbi minn átti heima í þessu húsi þegar hann var lítill drengur. Hann á margar minningar tengdar húsinu. Hann lék sér oft í brekkunni austan og neðan við það, þá voru engin tré þar og einnig lék hann sér við Eyrarlandsveginn. Hann man sérstaklega eftir því þegar Dalvíkurskjálftinn varð 2. júní 1934. Þá var fjölskyldan að borða hádegismatinn og stóra systir hans datt á rassinn á gólfíð með grautarskálina í hendinni.“

HVAÐ ERTU AÐ GERA?

Þengill Stefánsson er forstöðu- maður jarðeigna- og dýraeftirlits hjá Akureyrarbæ. Hann var ráðinn í það starf árið 1991 en hefur unnið hjá Akureyrarbæ síðan 1985. Starfið er afar fjölbreytt og felur meðal annars í sér eftirlit með dýrahaldi í bænum, handsömun lausra gæludýra og búfenaðar, og meindýraeyðingu. Að auki er Þengill fjallskilastjóri á Glerárdal en það eru mest frístundabændur á Akureyri sem eiga þar fé. Þengill hefur einnig umsjón með beitarlöndum sem bærinn leigir út, annast þar girðingavinnu og fleira þvúmlíkt. Starfið er því augljóslega afar fjölbreytt.

Hvaðan ertu?

Ég er Ólafsfirðingur en flutti hingað 1984.

Fjölskylduhagir?

Giftur þriggja barna faðir.

Hvað finnst þér best við að búa á Akureyri?

Það er svo margt. Hér er gott mannlíf, öll þjónusta fyrir hendi og stuttar vegalengdir, falleg náttúra og gott bærjarstæði.

Hvaða bók lastu síðast og var hún góð?

Ég les lítið af bókum en þeim mun meira af tímaritum. Síðast las ég nýjasta Sportveiðiblaðið og líkaði vel.

Uppáhaldstónlist?

Ég er alæta á tónlist en get nefnt til dæmis U2 og Coldplay.

Uppáhaldsmatur?

Það er náttúrlega villibráðin og allar góðar steikur.

Hver eru helstu áhugamál þín?

Veiðar og útivera, gönguferðir og þvúmlíkt.

Hvað er eftirsóknaverðast í fari annarra?

Fyrir það fyrsta heiðarleiki og góður húmor.

Er Guð til?

Það er nú stóra spurningin. Er ekki fljótlegast að kveða bara já við þeirri spurningu?

Hvert yrði þitt fyrsta verk ef þú værir einráður á Akureyri?

Að gera góðan bæ betri, til dæmis með því að fá bæinn til að taka meiri þátt í niðurgreiðslum á æfingagjöldum barna og unglinga í íþróttastarfi.

